

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 17. apríl 2024:

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölda byggingarleyfa vegna breyttrar notkunar á húsnæðis.

Hver er fjöldi byggingarleyfa sem byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur gefið út fyrir breyttri notkun á almennum íbúðum í gististaði í flokkun II og III? Þ.e.a.s hversu mörg slík leyfi hafa verið gefin út fyrir breyttri notkun á íbúðum sem hafa verið notaðar eða skilgreindar sem almennar íbúðir yfir í gististaði í flokkum II og III? Óskað er eftir sundurgreindum upplýsingum frá árinu 2008 þar sem fjöldi leyfa verði sýndur eftir árum ásamt því að sýna hversu margar íbúðir eru undir hverju leyfi og heimilisfangi. Greinargerð fylgir fyrirspurn.

Greinargerð

Reykjavíkurborg hefur samþykkt fjölda byggingarleyfa þar sem sótt hefur verið um að breyta íbúðarhúsnæði í gististarfsemi í samræmi við ákvæði laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.